

**Sp.**

**53. Fyrirspurnir.**

**[53. mál]**

I. Til ríkisstjórnarinnar um kjötútflutning til Bandaríkjanna.

Frá Haraldi Guðmundssyni og Gylfa Þ. Gíslasyni.

1. Fyrir hvaða verð var dilkakjöt það, sem flutt var til Bandaríkjanna á s. l. hausti og vetri, selt í erlendum gjaldeyri, og hve mikið magn var þar um að ræða?
2. Hefur andvirðið verið greitt?

II. Til ríkisstjórnarinnar um samskipti Íslendinga og varnarliðsins.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni og Haraldi Guðmundssyni.

1. Hvaða reglur gilda nú um heimild varnarliðsmanna til dvalar utan stöðva sinna, og hvenær voru þær reglur settar?
2. Hvaða reglur gilda um aðgang Íslendinga að stöðvum varnarliðsins, og hvenær voru þær reglur settar?
3. Hvers vegna voru reglur þær, sem í fyrstu giltu um dvöl hermanna utan herbúða sinna, afnumdar?
4. Hvaða tillögur hefur nefnd sú, sem fjallað hefur um vandamál varðandi samskipti Íslendinga og varnarliðsmanna, gert um þessi efni?